

Kjalnesingur

2. tbl. 12. árg.

Fréttabréf Íbúasamtaka Kjalarness

29. mars 2012



Félagsheimilið Fólkvangur

Félagsheimilið Fólkvangur er nú aftur komið í umsjón Kjalnesinga. Með tímabundnu samkomulagi milli eignasviðs borgarinnar og Íbúasamtaka Kjalarness taka ÍK (Íbúasamtök Kjalarness) við umsjón hússins gegn því að greiða hita og rafmagn sem þó er aðeins hluti heildar rekstrarkostnaðar. Þetta samkomulag gildir til 1. september 2012 og hefur þegar verið samþykkt í borgarráði.

Eignasvið borgarinnar sem er eignaraðili hússins á móti félögum á Kjalarnesi fer fram á kr. 3 millj. í leigu á ársgrundvelli. Á næstu vikum verðum við því í samstarfi við borgina að finna rekstrargrundvöll fyrir Fólkvang efnir 1. sept 2012.

Í framhaldi af félagaefundi sem haldinn var þann 17. sept. sl. var lagt upp með þessa leið. Í samræmi við ákvörðun þess fundar var haldinn undirbúningsfundur að stofnun rekstrarfélags og nú liggja fyrir drög að stofnsamningi þess félags.

Í stofnsamningnum verður miðað við að öll þau félög sem nýta Fólkvang til félagsstarfa hafi fulltrúa í stjórn eða varastjórn rekstrarfélagsins. Hlutverk þessa félags er að vera samstarfsvettvangur félaganna og móta stefnu um rekstur Fólkvangs.

Tilgangurinn með þessu samkomulagi er að tryggja Kjalnesingum aðgang að félagsheimilinu til félagsstarfa eins og var upphaflegt markmið með byggingu Fólkvangs. Félögin greiða ekki fasta leigu fyrir afnot heldur verður framlag hvers félags háð því hvernig gengur að afla tekna til rekstursins og þá fyrst og fremst með útleigu.

Þegar við tókum við Fólkvangi var allt þrifið hátt á lágt og jafnframt farið í smálagfæringar. Þá var mikils virði að eiga iðnaðarmenn innan okkar ráða sem ekki létu sitt efnir liggja. Það var ánægulegt að sjá hve margir lögðu hönd á plóginn við að koma húsinu í gott horf og eiga allir þakkir skildar. Þá var borðbúnaður,

borð og stólar o.fl. skráð en það verður hluti af fyrirhugaðri handbók hússins. Þar verður tilgreindar umgengnisreglur ásamt ítarlegum upplýsingum til leigutaka. Nú þegar hafa farið um 120 vinnustundir í þetta verk.

Fyrst um sinn er ekki launaður starfsmaður við umsjón hússins en Soffía Sóley Þráinsdóttir varaformaður ÍK hefur til að byrja með tekið að sér umsjón og heldur utan um útleigu. Nú höfðum við til allra þeirra félaga sem nýta Fólkvang að ganga vel um og skilja við húsið þannig að það sé til sóma, hreint og að öllu leyti tilbúið fyrir næsta notanda. Nokkur misbrestur hefur verið á því og það þarf að laga.

Fjölmarginir hafa lykla af Fólkvangi í sínum fórum. Nokkrir eru þegar komnir með auðkennda lykla ásamt samningi um notkun. **Þann 1. maí verður aðgangsnúmeri öryggiskerfis hússins breytt** þannig að fyrir þann tíma þurfa allir lyklahafar að gefa sig fram. Við skorum nú á alla sem hafa yfir lykklum að ráða að hafa samband við umsjónarmann hússins í síma 662 5566 og fá auðkennda lykla og nýtt aðgangsnúmer.

Öll útleiga á húsinu kemur ÍK til tekna. Því er mikilvægt að vinna vel að markaðssetningu hússins. Fólkvangur er kjörinn fyrir vinnufundi, hópeflistarf eða litlar ráðstefnur, brúðkaup eða hvers konar veislur. Með samstarfi á Klébergstorfunni er mögulegt að bjóða aðgang að fleiri solum ásamt íþróttasal og sundlaug með heitum pottum að ógleymdri fjörunni, útistofunni og frábæru umhverfi.

Þrátt fyrir að vera hluti af borginni erum við úti í sveit. Við erum í ákjósanlegri fjarlægð frá miðbænum. Við eigum að nýta okkur það í markaðssetningunni til fyrirtækja sem vilja bjóða sínu starfsfólki tilbreytingu og nýta fjölbreytta aðstöðu á Klébergstorfunni.

ÁH

Kjalnesingur

Útgefandi: Íbúasamtök Kjalarness

Ábyrgðarmaður:

Ásgeir Harðarson

kjalnesingur@kjalarnes.is

Á döfinni - allar upplýsingar eru á heimasíðunni www.kjalarnes.is

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið

Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.



Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffiu Sóleyju í síma 662 5566.

“pú”@kjalarnes.is

Stjórn Íbúasamtaka Kjalarness býður áfram Kjalnesingum að fá netfang @kjalarnes.is.

Að sjálfsögðu eigum við öll sem búum hér að vera með netfangið @kjalarnes.is, það er stór hluti af samstöðu okkar um okkar hverfi.

En að sjálfsögðu þarf að greiða lítilsháttar fyrir þetta, eða kr. 2.000 á ári til að mæta þeim kostnaði sem Íbúasamtökin þurfa að standa skil á við rekstur pósthússins.

Hafðu samband við einhvern af stjórnarmönnum Íbúasamtakanna og viðkomandi aðstoðar þig með málið eða sendu póst á ik@kjalarnes.is.

Skráðu þig á póstlistann

Vefur okkar Kjalnesinga www.kjalarnes.is sendir sjálfkrafa út raf-póst til þeirra sem skrá sig á póstlistann þegar fréttir eða tilkynningar eru ritaðar á vefinn. Viljum við hvetja alla sem áhuga hafa á umhverfi sínu og samfélagi að skrá sig á póstlistann.

Vinsamlegast sendið okkur póst á kjalnesingur@kjalarnes.is og óskið eftir að verða skráð á póstlistann.

Kjalnesingar!

Björgunarsveitin Kjölur – aðalfundur

Björgunarsveitin Kjölur heldur aðalfund miðvikudaginn 25. apríl.

Fundurinn verður haldinn í Þórnyjarbúð og hefst kl. 20:00. Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf.

Allir velkomnir

Prjónakaffi og föndurkvöld

Prjónakaffið er alltaf jafn vinsælt og verður það áfram fyrsta og þriðja miðvikudagskvöld í mánuði, í Fólkvangi kl. 20-22.

Næstu prjónakaffi og handverkskvöld verða:

18. apríl	prjónakaffi
25. apríl	handverkskvöld
1. maí	prjónakaffi
15. maí	prjónakaffi

Kvenfélagið Esja

Fastir fundir eru í Fólkvangi kl. 20:00 annan miðvikudag í hverjum mánuði.

Næstu fundir eru því 11. apríl og 8. maí.

Stormur unglिंगadeild

Fastir fundir eru í Þórnyjarbúð alla þriðjudaga frá kl. 19:00 - 21:00.

Kjölur björgunarsveit

Fastir fundir eru í Þórnyjarbúð kl. 20:00 - 22:00 alla miðvikudaga.

Fótbolti 18+

Fótbolti í íþróttahúsinu alla þriðjudaga kl. 20:00 - 22:00.

Fjölskyldutími í íþróttahúsi

Fjölskyldutími í íþróttahúsinu alla laugardaga kl. 11 - 12. Ath. börn skulu vera í fylgd fullorðinna/forráðamanna.

16 - 25 ára í Fólkvangi

Opið hús ungmenna sunnudaga og þriðjudaga kl. 20:00

Pool, borðtennis, pythokkí, netaðgangur, sjoppa og góður félagsskapur.

Félagsstarf 60 ára og eldri

Munið fundina á fimmtudögum milli kl. 15-17 í Fólkvangi.

Alltaf heitt á könnunni!

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg s: 695 1352.

AA fundir eru í Kátakoti öll laugardagskvöld kl. 21:30

Pæfingarnámskeið á vegum Brautarholtssafnaðar á Kjalarnesi

Pæfingarnámskeið var haldið í Klébergsskóla laugardaginn 25. febrúar, þátttakendum að kostnaðarlausu utan efniskostnaðar. Leiðbeinandi var Guðrún Þorlákssdóttir hjúkrunarfræðingur og handverksverkskona, www.Ullarljós.is). Þátttaka var mjög góð.

Guðrún útskýrði muninn á íslenski ull og Merinoull, hvað gerist við þæfingu og hvernig má þæfa ull og önnur efni saman t.d. við silki. Hún kenndi grunnaðferðir við hola hluti en það er tækni sem notuð er við þæfa skó, töskur, stjaka, ljós, séríur o.s.frv. Mikið var sullað, hnoðað, rúllað, slegið og hlegið.



Iris, Sigrún, Helga, Ragnheiður og Ragnheiður yngri

Boðið var upp á súpu og heimabakaðar skonsur með áleggi í hléi og veitti ekki af eftir alla líkamsræktina sem að sögn leiðbeinanda þjálfar *bingvöðvana*.

Allir þátttakendur náðu að klára í það minnsta einn hlut á námskeiðinu og vildu endilega læra meira.

Brautarholtssöfnuður býður því upp á framhaldsnámskeið í þæfingu undir leiðsögn Guðrúnar og verður námskeiðið auglýst síðar.

Hámark þátttakenda er tíu manns og þurfa þeir að hafa sótt grunnnámskeið í þæfingu.

Kær kveðja,
f.h. Brautarholtssafnaðar,
Þrjóna- og handverkshópurinn Esja.

Björgunarsveitin Kjölur verður fyrir barðinu á skemmdarfýsni!

Um nokkurt skeið hefur annar björgunarsveitarbíllinn verið staðsettur við heimahús í Grundarhverfi. Með því móti hefur verið unnt að tryggja sem skjótust viðbrögð í útköllum vegna bráðaveikinda og slysa á Kjalarnesi og í Kjós.

Nú í síðustu viku marsmánaðar voru unnin skemmdarverk á bílnum þar sem hann stendur við Esjugrund 35. Farið var með beittu áhaldi eftir annarri hliðinni og hún rispuð endana á milli.



Sárt er að sjá á eftir hárrí upphæð í óþarfa viðgerð þegar önnur þarfari verkefni bíða sem nýtast íbúum Kjalarness og Kjós. Vegna hárrar sjálfsábyrgðar mun tjónið kosta björgunarsveitina um 200.000 krónur.

Þeir sem hafa einhverjar upplýsingar um málið eru hvattir til að hafa samband við lögreglu í síma **444 1180** eða björgunarsveitina í síma **566 7557**.

Fleiri skemmdarverk hafa verið unnin á síðustu vikum. Vera kann að með hækkandi sól aukist eirðarleysi og og því sé meira um óskunda. Í upphafi árs var árangurslaust innbrot í Esjuskálann en tjón varð vegna skemmda á hurð og peningakassa. Fyrir stuttu var kerru stolið af bílastæði í Búagrund 4 og nokkru seinna var númeraplötum stolið af bifreið við Klébergsskóla. Þá bærust fregnir af tilraun til að brjóta upp aðstöðu björgunarsveitarinnar en sem betur fer varð lítið sem ekkert tjón. Þá er ótuktarskapur við líði í báðum undirgöngunum því öll ljós hafa verið brotin í nýju göngunum og skemmdir unnar á tréverki í ræsinu sem einnig eru notað sem undirgöng undir Vesturlandsveg.

Kjalnesingur hvetur alla til að horfa sér nær og ræða saman um þessi mál. Berum virðingu fyrir eigum annarra því það að laga eða bæta skemmdarverk er kostnaðarsamt og kemur oft niður á þeim sem síst skildi.

Hvað er til ráða? Trúlega er best að hver svari fyrir sig og láti aðra vita hvað hann vill gera. Nágrannavarsla hefur verið við líði síðustu ár. Er hún að virka sem skildi? Hverjir eru götustjórar í Grundarhverfi og Lykkjuhverfi? Er komin þörf fyrir öryggismyndavélar? Ekki er langt síðan hægt var að skilja bíla og hús eftir ólæst en nú er öldin önnur og mikilvægt að sína samstöðu til að verjast þessum óskunda.

AF og ÁH



Ökukennsla, Akstursmat, Endurtökupróf



Pétur Þórðarson
Ökukennari
Búagrund 1 Kjalarnesi
s. 892 7480
okunam@okunam.is
www.okunam.is

Endurskoðun aðalskipulagsins á Kjalarnesi

Síðastliðinn mánudag þann 26. mars var haldinn fundur um skipulagsmál í Fólkvangi, til að kynna áherslur aðalskipulags Reykjavíkur 2010 – 2030 ásamt því að leita eftir hugmyndum íbúa. Mæting Kjalnesinga var mjög góð, en ætla má að gestir fundarins hafi verið um 60 manns.

Fram kom að landeigendur Nesvíkur hafa óskað eftir breytingu á aðalskipulagi sem heimilar dreifbyggt íbúðarhverfi og fjölbreyttari landnotkun. Ekki kom fram hvort það félli undir yfirlýsinguna um að ekki verði fleiri úthverfi byggð á skipulagstímabilinu.

Einnig kom fram að tillögur Vegagerðar Ríkisins um tvöföldun Vesturlandsvegar væri nú í endurskoðun með tilliti til ódýrari lausna en settar hafa verið fram.

Að þessum erindum loknum gátu fundargestir raðað sér í hópum sem höfðu eftirfarandi yfirskrift:

Grundarhverfi – þungamiðjan. Þróun byggðar á Kjalarnesi.

Opin svæði og útivist.

Hjartans mál.

Atvinnusvæðin – atvinnuþróun.

Samgöngur (stofnbrautir, aðrir vegir, umferðaröryggi, stígar).

Í þessum hópum gátu fundarmenn kynnt sér fyrirliggjandi hugmyndir um aðalskipulagið og komið með nýjar, ásamt því að gera athugasemdir við það sem betur mætti fara í skipulaginu.

Margar góðar hugmyndir voru festar á blað sem munu verða birtar á vef borgarinnar á næstu dögum en þar má m.a. nefna atvinnulóðir við hverfið.

Stutt inngangserindi voru flutt af Páli Hjaltasyni formanni skipulagsráðs og Ólöfu Örvarsdóttur skipulagsstjóra, einnig sagði Haraldur Sigurðsson skipulagsfræðingur frá helstu áherslum aðalskipulagsins er varðar Kjalarnesið.

Í máli þremmenninganna kom m.a. fram að ekki standi til að byggja ný úthverfi á komandi skipulagstímabili heldur á að styrkja núverandi hverfi, þetta byggð og fjölga störfum. Reiknað er með hafnaraðstöðu í mynni Kollafjarðar með atvinnulóðum fyrir grófan iðnað, s.s. fyrir steypustöðvar, malarvinnslu og endurvinnslu. Virða á sérstöðu Kjalarness innan Reykjavíkur sem landbúnaðar- og dreifbýlissvæði og skapa þannig fjölbreyttari búsetukosti innan borgarinnar. Styrkja Grundarhverfi og nágrenni sem þungamiðju borgarhlutans. Leggja á áherslu á fjölgun íbúa og atvinnutækifæra. Efla þarf þjónustu og bjóða upp á fjölbreyttari affþreyingarmöguleika. Þá verður unnið rammaskipulag/hverfisskipulag fyrir Grundarhverfi og nágrenni. Þróa Álfnes og Esjumela sem sérhæft atvinnusvæði.

Vitnað var í íbúðaping 2002 og 2009 um vilja íbúa um að hverfið stækki þannig að það geti staðið undir öflugri

verslun og þjónustu og er þá talað um 1.500-2.000 íbúa.

Aðalfundur Sögufélagsins Steina

haldinn 29. febrúar 2012

Á dagskrá voru aðalfundarstörf samkvæmt 7. grein stofnskrár Sögufélagsins Steina.

Góður rómur var gerður að skýrslu formanns félagsins sem var ítarleg og vel unnin. Rætt var um að skýrslan ætti heima á vef Sögufélagsins Steina á kjalarnes.is. Í skýrslunni er ýmsan fróðleik að finna, einkum efni sem fram kom á samkomum félagsins á síðastliðnu ári.

Greint var frá því að félaginu hefur borist bókaþöf frá Oddnýju og Ólafi á Esjurgund 34. Stjórnin þakkar fyrir þessa góðu gjöf til félagsins.

Kosningar samkvæmt 4. grein laga félagsins.

Allir stjórnarmenn gefa kost á sér til stjórnarsetu næstu tvö ár. Engin mótframboð bárust. Aðalmenn og varamenn voru sjálfkjörnir svo og skoðunarmenn reikninga. Aðalmenn voru kosnir: Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir, Bjarni Sighvatsson, Theodór Theodórsson, Sigríður Pétursdóttir og Björgvin Þór Þórhallsson. Stjórnin skiptir með sér verkum. Varamenn voru kosnir: Guðlaug Hrönn Kristjánsdóttir, Ásgeir Harðarson og Guðni Ársæll Indriðason. Endurskoðendur voru kosnir Hólmur Þór Stefánsson og Þorsteinn Einarsson.

Samþykkt var að árgjaldið verði 2.000 kr. fyrir árið 2012. Jafnframt var samþykkt að nýir félagar greiði ekki árgjald árið sem þeir ganga í félagið. Nú eru félagar 16 talsins.

Rætt var um næstu verkefni félagsins. Fyrirhugað er að næsta samkoma á vegum félagsins verði myndakvöld, hugsanlega 14. apríl [frestað þar til síðar]. Sýndar yrðu myndir frá Kjalarnesi og Kjós í eigu Þjóðminjasafnsins.

Fundargerðin verður birt í heild sinni á vefnum www.kjalarnes.is.

Verkefni Sögufélagsins Steina á síðasta starfsári.

Þann 26. mars 2011 hélt Sögufélagið Steini sína árlegu **Keltnesku Sögustund** í Fólkvangi. Þar komu fram tveir fyrirlesarar. Svavar Sigmundsson, fyrrum forstöðumaður Örnefnastofnunar Íslands hélt erindið: „Keltnesk örnefni á Kjalarnesi?“

Svavar hefur efasemdir um keltneskan uppruna sumra þekktra örnefna á Kjalarnessvæðinu. Þá er helst að telja *Kjalarnes* sem hann telur einfaldast að skýra út frá landslagi í Esjunni eins og hún horfir við íbúum borgarinnar, þ.e. Kerhólakambur sem lítur út eins og skipskjölur á hvolfi. Einnig telur hann að örnefnið *Esja* sé af norrænum uppruna en til eru hliðstæð örnefni í Noregi. Merkilegt er að mörg sömu örnefni, hér í nágrenni okkar, er að finna á litlu svæði á eyjunni Ljóðhúsum (Lewis) sem er ein af Suðureyjum norðvestur af Skotlandi. Sennilegasta skýringin þykir sú að þessi örnefni séu að einhverju leyti meðflutt, þ.e. að norrænir menn sem dvöldu um tíma á Suðureyjum hafi síðan flutt þessi örnefni með sér til Íslands. Örnefnin sem þekkjast bæði í Ljóðhúsum og hér við Faxaflóann eru m.a. *Esja*, *Akranes*, *Sandvík*, *Leirvogur* og *Melar*. Þó að Svavar dragi í efa meintan keltneskan uppruna sumra örnefna á Kjalarnesi, dregur hann ekki í efa keltnesk áhrif á Íslandi og tók hann það fram hversu áberandi þau eru á vesturhluta landsins.

Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor fjallaði um: „Írskar forn-sögur um fólk á Kjalarnesi“ og talaði þar um írsk áhrif í Kjalarnesinga sögu. Gísli tók dæmi af sögnum sem eru sláandi líkar í rituðum fornum keltneskum heimildum og svo í íslenskum forn-sögum, t.d. Kjalnesinga sögu. Hann bar t.d. saman írsku goðsagnahetjuna Cú Chulainn við Búa en með þeim má sjá ákveðin líkindi, t.d. *notuðu báðir slönguvuðinn sem vopn á and-*

stæðinga sína. Það sem er sérstakt í þessu efni eru þó ekki samsvaranir í söguefni heldur sú staðreynd að Íslendingar og Írar eiga sameiginlega sögu af ritun efnis um margar aldir.

Sameiginleg niðurstaða Svavars og Gísla, er sú að um blandaðan uppruna Íslendinga sé að ræða. Við eigum vissulega tungumál og ættir að rekja til Norðurlanda en verulega stór þáttur í okkur á sér rætur í keltneskri menningu frænda okkar Skota og Íra.

Í lok Sögustundarinnar kom Gwendolin N. Corday danskennari og kynnti skoska dansa fyrir félagsmönnum og gestum.

Á Kjalarnesdögum þann 25. júní, var haldin svonefnd Sögu-ganga en þar komu þeir Baldur Hafstað Íslenskufraeðingur og prófessor við Menntavísindasvið/Kennaradeild Háskóla Íslands og Helgi Þorláksson sagnfraeðingur og prófessor við Sagnfræði- og heimspekieild Háskóla Íslands og fræddu okkur um Kjalarnesinga sögu og hugmyndaheim hennar.

Helgistund á Esjubergi var á sunnudeginum þar sem sr. Gunnþór Ingason og sr. Gunnar Kristjánsson sóknarprestur þjónuðu fyrir altari. Mæting var þar með ágætum eða um 30 manns. Að sjálfsögðu sveik veðrið okkur ekki frekar en fyrri daginn hér á Kjalarnesi.

Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur á Þjóðminjasafni Íslands kom þar og sagði okkur frá fornleifarannsóknnum sínum að Esjubergi fyrir um 30 árum.

Menningar- og fræðslustund var í Fólkvangi. Þar er um að ræða samstarf Brautarholtssóknar og Sögufélagsins Steina. Sr. Gunnar hélt erindið: „Hvers vegna viljum við þekkja söguna“ og Hrefna Sigríður formaður Sögufélagsins sagði frá örnefnum í landi Brautarholts, hin sérkennilegu bæjarnöfn Snússa, Flassi og Hjassi voru tekin til skoðunar.

Sr. Gunnþór Ingason MA í keltneskri guðfræði, sem hefur verið í samstarfi við dr. Jonathan Wooding, sagði okkur í máli og myndum frá siglingum Woodings og félaga um Atlantshafið þar sem þeir fetuðu í siglingaslóðir Papa á írsku skútunni *Ár Seachrán* sem útleiggst á íslensku *Ferðalangur*.

Upplýsingaskilti. Á síðasta ári var Sögufélagið Steini svo lánsamt að fá styrk frá Hverfaráði Reykjavíkurborgar sem ætlaður var fyrir vinnu og uppsetningu á tveimur söguskiltum. Hefur vinna við það verkefni staðið frá því síðla sumars en skiltin koma væntanlega upp í vor. Skiltið við Esjuskálann er einskonar yfirgrip af sögustöðum á Kjalarnesinu og er miðað við að sú saga sé eigi mikið yngri en 50-100 ára. Þar er einnig örnefnakort yfir helming af gamla Kjalarneshreppnum en við í sögufélagsstjórn áætluðum að gera hinum helmingnum skil síðar. Á Kléberginu verður skilti með upplýsingum um örnefnið *Kléberg* og um sögu skólans. Þar verður einnig örnefnaskífa yfir helming af hinu fagra útsýni, þ.e. frá Búa yfir í Gróttu. Ætlunin er að bæta við öðru skilti m.a. yfir sjósókn á Kjalarnesi hér áður og setja örnefnaskífu yfir hinn hring útsýnisins þ.e. *Esjuna*, *Akrafjallið* og sjálft Kjalarnesið.

Vefsíða: Unnið er að undirbúningi vefsíðu fyrir Sögufélagið. Þar er hægt að segja mun ítarlegar frá því sem sagt er í örstuttu máli á skiltum. Slóðin er: www.kjalarnes.is/saga Athuga ber að vefsíðan er í vinnslu og mikið verk er óunnið. Öllum er velkomið að taka þátt í því starfi og óskað er eftir efni sem þar gæti átt heima og varðar sögu Kjalarness, þjóðhætti, fornminjar, gamlar ljósmyndir o. fl. fróðleik.

Stjórnin vill ítreka að öllum er velkomið að ganga í félagið og taka þátt í starfseminni. Næsti fundur félagsins verður haldinn miðvikudaginn 11. apríl, kl. 18:30 í Fólkvangi. Eftir það er áætlað að funda þriðja hvern miðvikudag fram að Kjalnesingadögum á sama tíma og stað.

Hrefna S. Bjartmarsdóttir, s. 659-2876/ hsb3@hi.is

Kjalarnesdagar 22. - 24. júní

verða að venju haldnir síðustu helgina í júní, þ.e. dagana 22.-24. júní. Kjalnesingar eru hvattir til að **taka þá helgi frá** fyrir hátíðahöld á Kjalarnesi.

Dagskráin verður trúlega með áþekku sniði og síðustu ár, þ.e. föstudagur verður dagur unga fólksins, laugardagurinn verður helgaður fjölskyldunni þar sem flestir eiga að finna eitthvað við sitt hæfi eins og bátsferðir, markað, kaffihús o.fl. Laugardagurinn endar svo væntanlega með grilli, varðeldi, gítarleik, söng og meira fjöri á róló.

Sunnudagurinn hefur verið í umsjón Sögufélagsins Steina og Brautarholtssafnaðar og helgaður þeim Keltneska arfi sem við trúum að við eigum á Kjalarnesi. Þá



minnumst fyrstu kirkju sem byggð var á Íslandi að Esjubergi.

Ekki má geyma litapemanu góða þar sem margir hafa farið á kostum í skreytingum á híbýlum sínum og umhverfi. Hver vinnur til verðlauna þetta árið ???

Þá bíður veglegur bikar þeirra sem best gengur í UM-FK leikunum og því vissara að fara strax að undirbúa sig fyrir þá. Handhafi bikarsins frá síðustu leikum er "Græna liðið." Hver hampar bikarnum í ár?

Ef einhver hefur hugmyndir um eitthvað sem honum finnst vanta eða betur mætti fara á Kjalarnesdögum er um að gera að senda línu á ik@kjalarnes.is. Svo eru allar vinnufúsar hendur velkomnar þegar kemur að skipulagningu og framkvæmd dagana, því eins og vitað er vinna margar hendur létt verk.

Kjalnesingar!

Fylgist með "á döfinni" inni á www.kjalarnes.is þar sem finna má ýmsa viðburði okkar KJALNESINGA.

Hverfaverkefnið 2011

Nú er hafin kosning í verkefninu Betra Kjalarnes þar sem kosið er um nokkrar nýframkvæmdir og nokkur viðhaldsverkefni. Þetta er liður í því að auka lýðræði í ákvörðunum og færa þær nær íbúunum.



Eitt fyrsta verkefnið sem framkvæmt var í þessum dúr var útistofan sem byggð var 2010.

Á síðasta ári var valið að koma upp upplýsingaskiltum sem Sögufélagið Steini hefur unnið ótulllega að undanfarna mánuði. Þau skilti eru nú



tilbúin og verða sett upp á næstu vikum. Annars vegar verður skilti yst á Kléberginu en hins vegar upp við Esjuskála.

Ákveðið var að byggja grillskýli á opna svæðinu í Grundarhverfi. Vonandi á það eftir að koma að góðum notum.

Eitt af verkefnum voru trimmtæki sem

komið var fyrir milli íþróttahúss og íþróttavallar. Þessi tæki eru þegar orðin vinsæll viðkomustaður grunnskólanema en þeir sem eldri eru, eru hvattir til að reyna sig einnig í þessum tækjum. Ein hugmynd með þessari staðsetningu var að þau gætu nýst sem upphitunartæki þar sem þeim er komið fyrir milli íþróttahúss og fótbolta-avallar sem vonandi verður aftur tekinn í notkun nú í sumar. Þá var fjármunum veitt til lagfæringar þannig að samfeldur göngustígur, þó án malbiks, yrði frá Grundarhverfi og niður að Esjustofu.

Rafrænar kosningar um framkvæmdir á Kjalarnesi

Reykjavíkurborg stendur fyrir rafrænum kosningum um framkvæmdir í hverfum borgarinnar dagana 29. mars – 3. apríl. Þetta er í fyrsta sinn sem rafræn auðkenni eru notuð við kosningar á Íslandi en notast er við veflykil ríkisskattstjóra sem fólk er vant að nota þegar það telur fram til skatts. Mjög einfalt er að kjósa á vefnum.

Í janúar hvatti Reykjavíkurborg íbúa til að setja hugmyndir að smærri framkvæmdum og viðhaldsverkefnum inn á vefinn Betri Reykjavík. Borgarbúar tóku vel við sér og komu með 356 hugmyndir. Úr þeim voru síðan valdar 180 hugmyndir að verkefnum sem nú hefur verið stillt upp til kosninga. Á Kjalarnesi eru mörg áhugaverð verkefni á listanum eins og sjá má hér að neðan og ættu fjölmargar þeirra að verða að veruleika strax í sumar því efstu verkefnin verða framkvæmd á næstu mánuðum.

Eins og sjá má á listunum verða settar rúmar 4.5 milljónir í nýframkvæmdir á Kjalarnesi og rúmar 4.5 milljónir í viðhaldsverkefni. Reykjavíkurborg hvetur alla Kjalnesinga til að taka þátt í kosningunum en allir sem eru orðnir 16 ára og eiga lögheimili í borginni geta tekið þátt.

Reykjavíkurborg setur 300 milljónir króna í svipuð verkefni í öllum hverfum borgarinnar. Fjármagninu er skipt hlutfallslega miðað við íbúafjölda í einstökum hverfum.

Hægt er að kynna sér öll verkefni í hverfum á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/kjostu.

Valkostirnir á Kjalarnesi

Nýframkvæmdir

Heildarkostnaður tillagna að nýframkvæmdum er kr. 11.300.000
Heildarfarþærheimild í viðhaldsverkefni 4.543.122 kr.
Mismunur 6.756.878 kr.

- | | |
|---|---------------|
| 1. Sjósundaðstaða við Kléberg | kr. 1.500.000 |
| 2. Fjölgun upplýsingaskilta | kr. 1.000.000 |
| 3. Áningarstaður fyrir hestamenn við Arnarhamar | kr. 500.000 |
| 4. Hellulögn fyrir framan borðsal í Fólkvangi | kr. 4.000.000 |
| 5. Gróðursetning milli Vallár- og Klébergslækja | kr. 1.000.000 |
| 6. Frisbyvöllur | kr. 2.500.000 |
| 7. Gróursetning berjarunna | kr. 300.000 |

Viðhaldsverkefni

Heildarkostnaðarmat viðhaldsverkefna er kr. 8.700.000 kr.
Heildarfarþærheimild í viðhaldsverkefni 4.543.122 kr.
Mismunur 4.156.878 kr.

- | | |
|--|---------------|
| 1. Endurbætur á akstursleið að leikskóla framan við sundlaug | kr. 1.000.000 |
| 2. Endurbætur á sundlaug með lítilli rennibraut | kr. 2.000.000 |
| 3. Bætt lýsing á gönguleiðum í hverfinu | kr. 400.000 |
| 4. Lagfæringar á göngustíg við sjó meðfram Grundarhverfi | kr. 1.000.000 |
| 5. Gler í grindverk við Klébergslaug | kr. 1.500.000 |
| 6. Endurnýjun fánastangar við Fólkvang | kr. 300.000 |
| 7. Hraðahindrun milli skóla og Fólkvangs | kr. 2.000.000 |
| 8. Laga vegarkanta við aðkomu Klébergsskóla | kr. 500.000 |

Ábending um lausagöngu hunda

Borið hefur á lausagöngu hunda í Grundarhverfi þar sem þeir eru í einhverjum tilvikum að veitast að fólk.

Hlutaðeigandi eru beðnir um að taka á þessum málum og virða reglur um hundahald.

16 - 25 ára í Fólkvangi

Opið hús ungmenna
sunnudaga og þriðjudaga kl. 20:00

Pool, borðtennis, þythökkí, netaðgangur, sjoppa og góður félagsskapur.

Renta ehf. ökukennsla

Ökukennsla - Akstursmat - Endurtökupróf - Bíll - Mótorhjól



Eiríkur Hans Sigurðsson, löggiltur ökukennari, sími.: 895 8125
renta@renta.is - www.renta.is

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöruborðinu.



Allar nánari
upplýsingar og
bókanir hjá
Soffíu Sóleyju
í síma 662 5566.

Útkall slökkviliðs Kjalarness

Slökkviliðið á Kjalarnesi var kallað út um hálfeyttleitið í nótt aðfaranótt 29. mars vegna elds sem logaði einhversstaðar á milli Ljárdals og Sjáfarhóla.

Kveikt hafði verið kveikt í rusli sem komið hafði verið fyrir í skurði við gamla þjóðveginn sem oft er nefndur Esjuvegur.

Ekki var um stórt bál að ræða og slökkvistarf gekk vel. Hins vegar var um heldur ógeðfeldan eldsmat að ræða m.a. svamp og dekk sem bæði getur logað lengi í og mikla mengun leggur frá við bruna.

Þó að athæfi af þessum toga sé auðvitað með öllu óafsakanlegt má leiða líkum að því að þetta geti verið afleiðing af hinni ótímabæru og óskiljanlegu lokun endurvinnslustöðvar Sorpu á Kjalarnesi.

Dæmi hliðstætt þessu og ekki síður óásættanleg er að einhverjir hafa nú hent ýmsu grófgerðu rusli í fjöruna við Arnarholt. Þá hefur eitthvað borið á því að rusli sé komið fyrir í skurðendum við Grundarhverfi.

Eins og áður er sagt er þetta alls ekki réttlætanlegar aðgerðir og Kjalnesingur hvetur fólk til að láta af þeim.

Að sjálfsögðu átti þetta þó að vera fyrirsjáanlegt að það freistaði einhverra að losa sig við rusl með þessum hætti í stað þess að þurfa að flytja það í næsta sveitarfélag með tilheyrandi kostnaði og veseni.

Og af því við búum í Reykjavík sem veltir milljarðatugum, þá vil ég minna á að litli Kjósarhreppur getur rekið gámastað fyrir rusl en ekki „við“, ja hvort á maður að hlægja eða gráta?



Félagsheimilið Fólkvangur

Fyrir fermingarveislur, brúðkaup og afmæli.

Bókanir í síma 662 5566

STRÆTÓ á klukkutíma fresti?

Almenningssamgöngur—fyrir hverja?

Kjalnesingar hafa lengi barist fyrir bættum almenningssamgöngum. **Leið 57** hefur þjónað okkur á leið sinni milli Háholts í Mosfellsfæ og Akratorgs á Akranesi. Hvern virkan dag eru farnar níu ferðir, þannig að nokkuð vantar uppá til að ná einni ferð á hverjum klukkutíma. Í dag vantar ferðir héðan frá Kjalarnesi kl. 9, 11, 12, 13, 19, 20, og 21.



Beint í Borgó:

Frá því í haust hefur leið 6 farið morgunferðina kl. 7 frá Esju-skála og ekur þá í gegnum Grafarvoginn en það er til mikilla þæginda fyrir þá Kjalnesinga sem eru í Borgarholtsskóla. Þetta er einungis tilraunaverkefni sem fáir nýta sér sem er miður því Borgarholtsskólinn er hverfissskólinn okkar. Því er mikilvægt að geta haldið þessari leið áfram næsta vetur einkum ef Kjalnesingum fjólgar í þeim skóla.

Æfingar og afþreying:

Það eru fjölmargir sem sækja æfingar og afþreyingu út fyrir Kjalarnesið en geta illa nýtt strætó vegna strjálra ferða. Með ört hækkandi eldsneytisverði veigra foreldrar sér við að keyra börnin í það tómtundastarf sem ekki er boði á Kjalarnesi. Þetta er einnig afar bagalegt fyrir þá sem ekki ráða yfir bíl eða vilja draga úr notkun hans vegna umhverfissjónarmiða og einnig til að draga úr rekstrarkostnaði heimilisins.

Eru breytingar framundan?

Íbúar hafa verið duglegir að vekja athygli á þessum annmörkum almenningssamgangna á Kjalarnesi. Erindi hafa verið send inn til samgönguráðs og beint til Strætó bs. Þá hefur hverfisráðið nokkrum sinnum tekið þetta upp. Í fundargerð þess frá 23. febrúar sl. kemur fram bókun um bættar strætó samgöngur þar sem óskað er eftir strætó á klukkutíma fresti, akstri um Esjuveg, beltum í vagnana og bætt aðgengi íbúa í dreifbýli að strætó.

Milljarður til almenningssamgangna!

Með ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja milljarð á ári næstu tíu árin til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu ukust verulega vonir Kjalnesinga um bættar almenningssamgöngur.

Kjalnesingur hefur nú nokkuð góðar heimildir um að unnið sé að úrbótum og að í haustáætlun um miðjan ágúst verði miðað við ferð á klukkustundar fresti frá kl. 7 á morgnana til kl. 22 á kvöldin. Vonandi heldur það!

ÁH



KJÓSUM BETRI HVERFI

Rafræn kosning um framkvæmdir
í hverfum Reykjavíkur.

29. MARS. – 3. APRÍL.

Ágæti Reykvíkingur.

Nú gefst öllum Reykvíkingum sem orðnir eru 16 ára tækifæri til þess að kjósa um framkvæmdir í hverfinu sínu.

Kosningin er rafræn og afar einfalt að greiða atkvæði.

Þau verkefni sem fá mest fylgi verða framkvæmd á næstu mánuðum.

Ef þú hefur ekki aðgang að tölvu er hægt að kjósa á næstu þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar.

SVONA EINFALT ER AÐ KJÓSA

 kjosa.betireykjavik.is

1

Þú ferð inn á síðuna kjosa.betireykjavik.is

 [island.is](https://www.island.is) www.island.is

2

Þú skráir þig inn í gegnum [island.is](https://www.island.is) og gefur upp kennitölu og veflykil ríkisskattstjóra. Einnig er hægt að nota rafræn skilríki og kortalesara.



3

Þú velur það hverfi sem þú vilt kjósa í með því að smella á afmarkað hverfi.

4

Veldu nú verkefni í báðar körfurnar.



Kjósa

5

Ljúktu kosningunni með því að smella á **KJÓSA**. Staðfesting birtist að atkvæði þitt hafi verið móttækið.



Rafræn kosning um framkvæmdir í hverfum Reykjavíkur, 29. mars. – 3. apríl.
betireykjavik.is

Ágætu Kjalnesingar og aðrir gestir Íþróttamiðstöðvarinnar að Klébergi. Okkur er í mun að bæta þjónustu íþróttamiðstöðvarinnar og laga hana að þörfum samfélagsins ef mögulegt er. Í því augnamiði hefur verið settur upp „hugmyndakassi“ í afgreiðslunni og í hann eru allar raunhæfar hugmyndir eru vel þegnar.

Starfsfólk

Opnun Íþróttamiðstöðvarinnar Klébergi

Opnunartími Klébergslaugar verður óbreyttur í sumar eins og í flestum sundlaugum Reykjavíkur. Opið verður á virkum dögum frá kl. 17:00 – 21:00 og kl.11:00 – 15:00 á laugardögum og sunnudögum.

Núna um páskana verður þó lokað sem hér segir:

6. apríl. Föstudagurinn langi – lokað.

8. apríl. Páskadagur – lokað.

19. apríl. Sumardagurinn fyrsti – er opið kl. 11:00-15:00.

Enn fremur verður lokað eftirtalda daga í sumar:

17. júní. Þjóðhátíðardagurinn – lokað.

6. ágúst. Frídagur verslunarmanna – lokað.

Íþróttasalurinn er opinn til og með fimmtudeginum 31. maí 2012 en eftir það er íþróttasalurinn lokaður til 1.sept. en þá hefjast æfingar í honum að nýju.

Skólastjórn

Aðalfundur UMFK var haldinn þann 22. mars í Klébergsskóla.

Ásamt hefðbundnum aðalfundarstörfum voru á fundinum samþykktar ýmsar breytingar á lögum sem voru mest viðbætur og lagfæringar.

Fulltrúi UMFÍ á fundinum var Stefán Skapti Steinólfsson stjórnarmaður UMFÍ.

Breytingar urðu á stjórn UMFK og hana skipa nú eftirfarandi:

Formaður	Magnús Ingi Magnússon
Varaformaður	Guðrún Dögg Gunnarsdóttir
Ritari	Birna Jóhanna Ragnarsdóttir
Gjaldkeri	Íris Fjóra Bjarnadóttir
Meðstjórnandi	Pórarinn Árni Guðnason

Varastjórn	Svanhvít Jóhannsdóttir
	Sigrún Jóhannsdóttir
	Soffía Sóley Práinsdóttir

Eins og sjá má voru sumir að hætta en aðrir færðu sig aðeins til í stjórn.

Karl Davor Karlsson sem var gjaldkeri, hætti í stjórn og þakkar UMFK honum fyrir framúrskarandi starf sl. 2 ár.

Svanhvít Jóhannsdóttir sem var formaður er nú varaformaður í stjórn.

Íris Fjóra Bjarnadóttir var ritari, en er nú í embætti gjaldkera.

Birna Jóhanna Ragnarsdóttir var meðstjórnandi, færir sig í ritara.

Magnús Ingi Magnússon var varaformaður er nú formaður.

Svo eru 4 ný nöfn í stjórn, en það eru þau Guðrún Dögg sem hefur reyndar starfað með stjórninni sl. mánuði og er nýr varaformaður, Pórarinn Árni Guðnason (Tóti) kemur inn sem meðstjórnandi og svo eru tvær úrvalskonur sem gáfu kost á sér sem varamenn þær Sigrún Jóhannsdóttir og Soffía Sóley Práinsdóttir.

Er þetta góða fólk boðið velkomið til starfa.

UMFK

Foreldrafundur

Foreldrafundur hjá iðkendum í knattspyrnu hjá UMFK verður fimmtudaginn 29. mars nk. kl. 18.00 í Fólkvangi. Stefnun á að vera ekki lengur en til kl. 19.00

Efni fundarins er að skoða hvort það sé áhugi fyrir að fara á knattspyrnumót í sumar og þá hvert þið viljið fara. Ýmislegt kemur til greina og er um að gera að skoða hvaða kostur sé bestur fyrir þá iðkendur sem hér eru.

Með von um að sjá sem flesta.

Hörður ípróttafulltrúi og stjórn UMFK

Páskafrí hjá iðkendum UMFK

Frí verður á æfingum frá laugardeginum 31. mars og hefjum við æfingar aftur samkvæmt æfingatöflu þriðjudaginn 10. apríl. Æfingar munu verða til 1. maí en þá kemur frí hjá öllum deildum fyrir utan knattspyrnuna.

Ágætu foreldrar, iðkendur og aðrir góðir Kjalnesingar

Fyrir um ári síðan réði ég mig til starfa hjá UMFK og Klébergsskóla. Ég hef starfað sem íprótt- og tómstundafulltrúi sem er nýtt hér á þessu svæði. Ég fékk þann heiður að fá að móta þetta starf lítillega og hefur það að mestu gengið nokkuð vel. Ýmislegt hefur verið gert og að sjálfsögðu er margt óunnið, þannig að það er nóg framundan hjá þeim sem tekur við keflinu af mér, en ég mun láta af störfum hér þann 13. apríl nk. og takast á við nýtt og spennandi verkefni. Það sem er mér kannski eftirminnilegast er að ég náði að koma á stað framkvæmdum á knattspyrnuvelli. Ýmislegt hafði verið gert en með „kreppunni“ og öðrum afsökunum hjá borgaryfirvöldum hafði þetta ekki náðst í gegn, en sl. haust hófst framkvæmdin á fullu og er fyrirhugað að taka völlinn í notkun í sumar. Ég vona að sjálfsögðu að þið ágætu Kjalnesingar komið til með að nýta ykkur þessa aðstöðu og sýnið að það var full þörf fyrir þessum velli. Ýmsar breytingar hafa hér átt sér stað en ég er fullviss um að þetta ágæta félag getur orðið öflugt, en til þess þarf samheldni og vinnuframlag marga, ekkert félag er stærra en þeir sem taka þátt, hvort það sem er að iðka eða vinna óeigingjarnt sjálfbodastarf.

Ég hef kynnst hér mörgum skemmtilegum krökkum, foreldrum, stjórnarmönnum og ýmsum öðrum aðilum sem ég gleymi ekki og verður þetta ár geymt í góðri minningu.

Ég þakka ykkur öllum kærlega fyrir gott, skemmtilegt og ánægjulegt samstarf á liðinu ári og óska UMFK velfarnaðar um ókomin ár.

Hörður Heiðar Guðbjörnsson

Pípulagnabjónusta

Viðhald - Viðgerðir - Breytingar

Maggi pípari, Esjugrund 44

S: 898-8870

Félagsheimilið Fólkvangur

Fyrir fermingarveislur, brúðkaup og afmæli.

Upplýsingar í síma 662 5566

Kjalnesingar!

Björgunarsveitin Kjölur boðar til aðalfundar

Björgunarsveitin Kjölur
heldur sinn árlega aðalfund
í Þórnyjarbúð
miðvikudaginn 25. apríl
kl 20:00.

Hefðbundin aðalfundarstörf.
Kjalnesingar eru hvattir til að
mæta og kynnast þessu
mikilvæga starfi.

KJÓSUM BETRI HVERFI

Rafræn kosning um verklegar
framkvæmdir og viðhaldsverkefni
á Kjalarnesi

Inni á vefnum: **kjosa.betriereykjavik.is**
skrair þú þig inn með sama veflykli og
hjá skattstjóra.

Kosningin er fram að miðnætti 3. apríl.

Kjalnesingar eru hvattir til að kynna
sér verkefnin sem um er að velja og
kjósa sem fyrst.

Sjá nánar í blaðinu á bls. 7 og 9.

HELGIHALD Í BRAUTARHOLTSSÓKN

- 1. apr. kl. 11:00 - Pálmasunnudagur, Guðspjónusta í Brautarholtskirkju — Ferming
- 6. apr. kl. 11:00 - Föstudagurinn langi. Útvarpsmessa í Brautarholtskirkju
- 8. apr. kl. 11:00 - Páskadagur, Hátíðarguðspjónusta í Brautarholtskirkju
- 19. apr. kl. 11:00 - Sumardagurinn fyrsti, Guðspjónusta í Brautarholtskirkju — Ferming
- 22. apr. kl. 11:00 - Guðspjónusta í Brautarholtskirkju — Ferming
- 27. maí kl. 11:00 - Hvítasunnudagur, Guðspjónusta í Brautarholtskirkju
- 17. júní kl. 11:00 - Þjóðhátíðardagurinn - Útiguðspjónusta á Esjubergi



Messur í Reynivallakirkju í Kjós:

Páskadagur hátíðarmessa kl. 14:00,
Annar í páskum - Ferming kl. 14:00

organisti: Páll Helgason,

Gunnar Kristjánsson
sóknarprestur